

Alþingi - Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. júní 2009
UST20090500139/hb

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.


Með bréfi, dags. 27. maí sl., sendi umhverfisnefnd Alþingis Umhverfisstofnun til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum, 3. mál.

Í b-liðar 2. gr. frumvarpsins, sem verður 28. gr. laganna verði frumvarpið að lögum, er fjallað um skyldu rekstraraðila fasts búnaðar sem inniheldur flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir til endurnýtingar. Umhverfisstofnun telur að skyldu þessari væri lýst með skýrari hætti með því að orðin „skulu sjá til þess að flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir séu endurnýttar“ komi í stað orðanna „bera ábyrgð á endurnýtingu flúoreraðra gróðurhúsalofttegunda“.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústsdóttir


Hrafnhildur Bragadóttir